

Nd.

53. Nefndarálit

[16. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klotnað í málinu. Þótt eðlilegt sé yfirleitt að afgreiða slík frv. sem þessi fyrir ríkisstjórnir, þá stendur nú sérstaklega á, þar sem ríkisstjórnin hefur í hyggju að brjóta þá föstu lögbundnu venju að skýra Alþingi frá ásigkomulagi ríkissjóðs, svo sem ætíð hefur verið gert við 1. umr. fjárlaga, — og enn fremur er augljóst orðið, að ríkisstjórnin er að húa sig undir að taka upp stórskaðlega stefnu í efnahagsmálum, sem hún virðist vilja leyna Alþingi og hindra umræður um, unz hún hefur utan vébanda Alþingis knúið stuðningslið sitt á þingi til fylgis við slík áform.

Ég álit því óhjákvæmilegt, að fram fari í þinginu 1. umræða um fjárlögin og umræður um efnahagspólitik ríkisstjórnarinnar, áður en heimild sú sé gefin, er frv. þetta fer fram á.

Ég legg því til, að samþykkt verði í málinu svo hljóðandi

RÖKSTUDD DAGSKRÁ:

Þar sem deildin álitur óhjákvæmilegt, að ríkisstjórnin geri við 1. umr. fjárlaga grein fyrir ástandi ríkissjóðs, svo sem lög gera ráð fyrir, og skýri Alþingi frá efnahagsstefnu sinni, áður en þetta frv. er samþykkt og þingfundum síðan frestað, ákveður deildin að fresta meðferð þessa frv. að svo stöddu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. des. 1959.

Einar Olgeirsson.